# AÐALFUNDUR 2018

*Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga*

3.0

**REIKNINGAR LAGÐIR FRAM TIL SAMÞYKKTAR**

---

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

Ársreikningur 2017

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík

Kt. 570194-2409

# Efnisyfirlit

**Efnisyfirlit**


Áritun óháðs endurskoðanda.................................................... 2-3
Skýrsla stjórnar og skoðunarmanna.......................................... 4
Yfirlit yfir rekstrarafkomu og efnahag....................................... 5
Rekstrarreikningur Félagssjóðs.................................................. 6
Efnahagsreikningur Félagssjóðs................................................ 7
Rekstrarreikningur Orlofssjóðs.................................................. 8
Efnahagsreikningur Orlofssjóðs................................................. 9
Rekstrarreikningur Starfsmenntunarsjóðs................................ 10
Efnahagsreikningur Starfsmenntunarsjóðs............................... 11
Rekstrarreikningur Vísindasjóðs............................................... 12
Efnahagsreikningur Vísindasjóðs.............................................. 13
Rekstrarreikningur Vinnudeilusjóðs.......................................... 14
Efnahagsreikningur Vinnudeilusjóðs......................................... 15
Rekstrarreikningur Styrktarsjóðs.............................................. 16
Efnahagsreikningur Styrktarsjóðs............................................. 17
Samandreginn rekstrarreikningur............................................. 18
Samandreginn efnahagsreikningur........................................... 19
Samandregið sjóðstreymi.......................................................... 20
Skýringar.................................................................................... 21-26

## Áritun óháðs endurskoðanda

*Til stjórnar og félagsmanna Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.*

**Álit**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning fyrir Félagssjóð, Orlofssjóð, Starfsmenntunarsjóð, Vísindasjóð, Vinnudeilusjóð og Styrktarsjóð, samandreginn rekstrarreikning og efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Grundvöllur fyrir áliti**

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Ábyrgð stjórnar og fjármálastjóra á ársreikningnum**

Stjórn og fjármálastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og fjármálastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og fjármálastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Ef við á, skulu stjórn og fjármálastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákvörðun hafi verið tekin um að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins**

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

## Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

• Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

• Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

• Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 8. maí 2018

**BDO ehf.**

| | |
|---|---|
| Sigrún Guðmundsdóttir<br>löggiltur endurskoðandi | Örvar Omrí Ólafsson<br>löggiltur endurskoðandi |

# Skýrsla stjórnar og skoðunarmanna

## Skýrsla stjórnar

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir 2017 með áritun sinni.

Reykjavík, 8. maí 2018

Stjórn

**Áritun kjörinna skoðunarmanna**

Við félagskjörnir skoðunarmenn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga höfum yfirfarið bókhald félagsins og ársreikning fyrir árið 2017 og leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík,     . maí 2018

# Yfirlit yfir rekstrarafkomu og efnahag

## Yfirlit yfir afkomu ársins

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Félagssjóður | 22.909.818 | 7.615.344 |
| Orlofssjóður | 11.448.862 | 8.586.635 |
| Starfsmenntunarsjóður | 4.568.680 | (979.591) |
| Vísindasjóður | 6.012.299 | (2.093.409) |
| Vinnudeilusjóður | 33.350.849 | 24.718.826 |
| Styrktarsjóður | 15.383.187 | 28.291.811 |
| | 93.673.695 | 66.139.616 |

## Yfirlit yfir efnahag í lok ársins

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| **Eignir** | | |
| Félagssjóður | 273.570.469 | 239.129.555 |
| Orlofssjóður | 266.981.500 | 247.226.621 |
| Starfsmenntunarsjóður | 16.740.527 | 12.593.503 |
| Vísindasjóður | 259.140.243 | 235.607.724 |
| Vinnudeilusjóður | 174.346.516 | 141.120.201 |
| Styrktarsjóður | 166.284.032 | 146.505.112 |
| Þar af milli sjóða félagsins | (25.031.407) | (32.714.811) |
| | 1.132.031.880 | 989.467.905 |
| **Eigið fé og skuldir** | | |
| **Eigið fé** | | |
| Félagssjóður | 118.256.991 | 89.047.173 |
| Orlofssjóður | 257.605.577 | 240.218.430 |
| Starfsmenntunarsjóður | 11.085.783 | 6.517.103 |
| Vísindasjóður | 45.582.202 | 39.569.903 |
| Vinnudeilusjóður | 174.319.783 | 140.968.934 |
| Styrktarsjóður | 158.601.368 | 143.218.181 |
| | 765.451.704 | 659.539.724 |
| **Skuldir** | | |
| Félagssjóður | 155.313.478 | 150.082.382 |
| Orlofssjóður | 9.375.923 | 7.008.191 |
| Starfsmenntunarsjóður | 5.654.744 | 6.076.400 |
| Vísindasjóður | 213.558.041 | 196.037.821 |
| Vinnudeilusjóður | 26.733 | 151.267 |
| Styrktarsjóður | 7.682.664 | 3.286.931 |
| Þar af milli sjóða félagsins | (25.031.407) | (32.714.811) |
| | 366.580.176 | 329.928.181 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 1.132.031.880 | 989.467.905 |

# Rekstrarreikningur ársins 2017

| | Skýringar | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Iðgjöld | | 177.896.370 | 165.885.554 |
| Framlag Orlofssjóðs | | 7.862.234 | 6.235.694 |
| Framlag Starfsmenntunarsjóðs | | 5.696.495 | 5.115.373 |
| Framlag Vísindasjóðs | | 5.566.066 | 4.040.349 |
| Framlag Styrktarsjóðs | | 6.469.356 | 5.169.178 |
| Aðrar tekjur | 2 | 3.295.976 | 5.973.666 |
| | | 206.786.497 | 192.419.814 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld á skrifstofu FÍH | 3 | 118.358.645 | 123.747.133 |
| Önnur laun og launatengd gjöld | 3 | 11.578.996 | 13.059.063 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 4 | 36.669.731 | 32.493.406 |
| Útgáfa, blað og fréttabréf | 5 | 6.361.722 | 3.735.292 |
| Ráðstefnur, fundir og námskeið innanlands | 6 | 5.313.856 | 6.522.933 |
| Ráðstefnur, fundir og námskeið erlendis | 7 | 2.219.205 | 1.403.702 |
| Árgjöld til félagasambanda og önnur framlög | 8 | 6.949.698 | 8.222.512 |
| Ímyndarvinna | | 1.099.171 | 0 |
| Afskriftir | 10 | 378.140 | 378.140 |
| | | 188.929.164 | 189.562.181 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 17.857.333 | 2.857.633 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Fjármunatekjur | | 1.190.769 | 2.061.135 |
| Gengisbreyting verðbréfa | | 4.204.805 | 3.027.427 |
| Fjármagnsgjöld | | (343.089) | (330.851) |
| | | 5.052.485 | 4.757.711 |
| **Hagnaður ársins** | | 22.909.818 | 7.615.344 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

| | Skýringar | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 10 | | |
| Suðurlandsbraut 22 | | 67.750.000 | 61.450.000 |
| Skrifstofuhúsgögn og áhöld | | 69.074 | 447.214 |
| | | 67.819.074 | 61.897.214 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Málverk | | 2.450.000 | 2.450.000 |
| Verðbréf | 11 | 100.298.300 | 96.093.495 |
| | | 102.748.300 | 98.543.495 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 170.567.374 | 160.440.709 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Skammtímakröfur | 12 | 30.436.072 | 22.879.004 |
| Handbært fé | | 72.567.023 | 55.809.842 |
| | | 103.003.095 | 78.688.846 |
| **Eignir samtals** | | 273.570.469 | 239.129.555 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 17 | | |
| Eigið fé | | 82.467.478 | 59.557.660 |
| Endurmatsreikningur fasteigna | | 35.789.513 | 29.489.513 |
| | | 118.256.991 | 89.047.173 |
| **Skuldir** | | | |
| Langtímaskuldir: | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 13 | 72.188.300 | 73.811.885 |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Skuldbinding vegna sérsjóða og sérverkefna | 14 | 55.117.367 | 35.353.614 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 15 | 28.007.811 | 40.916.883 |
| | | 83.125.178 | 76.270.497 |
| **Skuldir samtals** | | 155.313.478 | 150.082.382 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 273.570.469 | 239.129.555 |
| **Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar** | 18 | | |

# Rekstrarreikningur ársins 2017

| | Skýringar | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Iðgjöld | | 56.371.766 | 50.941.760 |
| Tekjur orlofshúsa, -íbúða og hótelmiða | | 20.543.510 | 18.975.770 |
| Seld útilegu- og veiðikort | | 828.700 | 759.000 |
| Seld gjafabréf | | 44.699.400 | 25.580.000 |
| Aðrar tekjur | | 394.000 | 407.000 |
| | | 122.837.376 | 96.663.530 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Rekstrargjöld og leiga orlofshúsa og -íbúða | | 27.751.918 | 33.620.381 |
| Framlag til Félagssjóðs | | 7.862.234 | 6.235.694 |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 5.778.722 | 6.746.546 |
| Keyptir hótelmiðar | | 4.500.339 | 4.454.736 |
| Útilegu-, golf- og veiðikort | | 2.126.099 | 1.638.099 |
| Keypt gjafabréf | | 61.569.000 | 32.497.500 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 2.006.132 | 2.026.830 |
| Afskriftir | 16 | 1.192.000 | 1.895.613 |
| | | 112.786.444 | 89.115.399 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 10.050.932 | 7.548.131 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Fjármunatekjur | | 418.057 | 340.161 |
| Gengisbreyting verðbréfa | | 1.839.910 | 1.309.018 |
| Fjármagnsgjöld | | (860.037) | (610.675) |
| | | 1.397.930 | 1.038.504 |
| **Hagnaður ársins** | | 11.448.862 | 8.586.635 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

| | Skýringar | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 16 | | |
| Furulundur 8d, Akureyri | | 13.425.000 | 12.145.000 |
| Sóltún 9, Reykjavík | | 35.720.000 | 30.450.000 |
| Klapparstígur 1, Reykjavík | | 28.790.000 | 25.190.000 |
| Bláskógar, orlofshús við Úlfljótsvatn | | 11.765.000 | 15.550.000 |
| Brekkuskógur, orlofshús í Húsafelli | | 24.050.000 | 19.076.715 |
| Lokastígur 1, Grímsnesi | | 23.660.000 | 25.920.000 |
| Lokastígur 3, Grímsnesi | | 27.960.000 | 31.100.000 |
| Lokastígur 4, Grímsnesi | | 26.224.000 | 27.416.000 |
| | | 191.594.000 | 186.847.715 |
| **Áhættufjármunir** | | | |
| Verðbréf | 11 | 34.629.135 | 39.999.190 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 226.223.135 | 226.846.905 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Útistandandi iðgjöld | | 7.388.618 | 6.497.434 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 6.323.900 | 2.519.492 |
| Handbært fé | | 27.045.847 | 11.362.790 |
| | | 40.758.365 | 20.379.716 |
| **Eignir samtals** | | 266.981.500 | 247.226.621 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 17 | | |
| Eigið fé | | 195.919.786 | 184.470.924 |
| Endurmatsreikningur fasteigna | | 61.685.791 | 55.747.506 |
| | | 257.605.577 | 240.218.430 |
| **Skuldir** | | | |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Félagssjóður FÍH | | 8.468.248 | 5.058.942 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 907.675 | 1.949.249 |
| | | 9.375.923 | 7.008.191 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 266.981.500 | 247.226.621 |

# Rekstrarreikningur ársins 2017

| | Skýringar | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Iðgjöld | | 49.534.740 | 48.728.200 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Úthlutanir | | 39.698.501 | 44.938.018 |
| Framlag til Félagssjóðs | | 5.696.495 | 5.115.373 |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 213.858 | 264.495 |
| | | 45.608.854 | 50.317.886 |
| **Rekstrarhagnaður (-tap)** | | 3.925.886 | (1.589.686) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Fjármunatekjur | | 290.915 | 318.299 |
| Gengisbreyting verðbréfa | | 352.867 | 292.784 |
| Fjármagnsgjöld | | (988) | (988) |
| | | 642.794 | 610.095 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | 4.568.680 | (979.591) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

| | Skýringar | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Áhættufjármunir** | | | |
| Verðbréf | 11 | 8.012.719 | 7.659.852 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Útistandandi iðgjöld | | 4.928.999 | 4.284.691 |
| Handbært fé | | 3.798.809 | 648.960 |
| | | 8.727.808 | 4.933.651 |
| **Eignir samtals** | | 16.740.527 | 12.593.503 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Eigið fé | 17 | 11.085.783 | 6.517.103 |
| **Skuldir** | | | |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Félagssjóður FÍH | | 5.654.744 | 6.076.400 |
| | | 5.654.744 | 6.076.400 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 16.740.527 | 12.593.503 |

# Rekstrarreikningur ársins 2017

| | Skýringar | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Iðgjöld | | 222.642.624 | 202.086.107 |
| | | 222.642.624 | 202.086.107 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Námsstyrkir A-hluti | | 208.974.502 | 192.927.269 |
| Greiddir námsstyrkir B-hluti | | 7.782.418 | 12.084.860 |
| Framlag til Félagssjóðs | | 5.566.066 | 4.040.349 |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 464.347 | 386.610 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 67.686 | 167.825 |
| | | 222.855.019 | 209.606.913 |
| **Rekstrartap** | | (212.395) | (7.520.806) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Fjármunatekjur | | 2.393.948 | 2.642.093 |
| Gengisbreyting verðbréfa | | 3.832.234 | 2.786.448 |
| Fjármagnsgjöld | | (1.488) | (1.144) |
| | | 6.224.694 | 5.427.397 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | 6.012.299 | (2.093.409) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

| | Skýringar | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Áhættufjármunir** | | | |
| Verðbréf | 11 | 169.906.003 | 148.335.150 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Útistandandi iðgjöld | | 22.943.272 | 20.648.468 |
| Handbært fé | | 66.290.968 | 66.624.106 |
| | | 89.234.240 | 87.272.574 |
| **Eignir samtals** | | 259.140.243 | 235.607.724 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Eigið fé | 17 | 45.582.202 | 39.569.903 |
| **Skuldir** | | | |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Félagssjóður FÍH | | 4.368.940 | 4.214.388 |
| Næsta árs úthlutun A-hluta styrkja | | 209.189.101 | 191.823.433 |
| | | 213.558.041 | 196.037.821 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 259.140.243 | 235.607.724 |
| **Skuldbindingar utan efnahags** | 19 | | |

# Rekstrarreikningur ársins 2017

| | Skýringar | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Iðgjöld | | 24.188.406 | 19.778.579 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Framlög og styrkir | | 0 | 72.000 |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 0 | 41.754 |
| | | 0 | 113.754 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 24.188.406 | 19.664.825 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Fjármunatekjur | | 648.603 | 125.338 |
| Gengisbreyting verðbréfa | | 8.514.672 | 4.929.495 |
| Fjármagnsgjöld | | (832) | (832) |
| | | 9.162.443 | 5.054.001 |
| **Hagnaður ársins** | | 33.350.849 | 24.718.826 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

| | Skýringar | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Áhættufjármunir** | | | |
| Verðbréf | 11 | 129.348.135 | 120.833.463 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Aðrar skammtímakröfur | | 1.739.172 | 16.052.906 |
| Handbært fé | | 43.259.209 | 4.233.832 |
| | | 44.998.381 | 20.286.738 |
| **Eignir samtals** | | 174.346.516 | 141.120.201 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Eigið fé | 17 | 174.319.783 | 140.968.934 |
| **Skuldir** | | | |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 26.733 | 151.267 |
| | | 26.733 | 151.267 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 174.346.516 | 141.120.201 |

# Rekstrarreikningur ársins 2017

| | Skýringar | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Iðgjöld | | 129.387.114 | 114.908.167 |
| | | 129.387.114 | 114.908.167 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Úthlutanir | | 112.307.985 | 85.982.276 |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 327.050 | 297.566 |
| Framlag til Félagssjóðs | | 6.469.356 | 5.169.178 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 10.776 | 206.419 |
| | | 119.115.167 | 91.655.439 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 10.271.947 | 23.252.728 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Fjármunatekjur | | 2.062.880 | 4.797.938 |
| Gengisbreyting verðbréfa | | 3.133.724 | 260.881 |
| Fjármagnsgjöld | | (85.364) | (19.736) |
| | | 5.111.240 | 5.039.083 |
| **Hagnaður ársins** | | 15.383.187 | 28.291.811 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

| | Skýringar | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Áhættufjármunir** | | | |
| Verðbréf | 11 | 85.394.605 | 82.260.881 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Aðrar skammtímakröfur | | 26.773 | 0 |
| Útistandandi iðgjöld | | 14.015.313 | 12.734.792 |
| Handbært fé | | 66.847.341 | 51.509.439 |
| | | 80.889.427 | 64.244.231 |
| **Eignir samtals** | | 166.284.032 | 146.505.112 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Eigið fé | 17 | 158.601.368 | 143.218.181 |
| **Skuldir** | | | |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Félagssjóður FÍH | | 4.797.759 | 1.326.875 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 2.884.905 | 1.960.056 |
| | | 7.682.664 | 3.286.931 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 166.284.032 | 146.505.112 |
| **Skuldbindingar utan efnahags** | 19 | | |

# Rekstrarreikningur ársins 2017

| | Skýringar | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Iðgjöld | | 660.021.020 | 602.328.367 |
| Aðrar tekjur | | 69.761.586 | 51.695.436 |
| | | 729.782.606 | 654.023.803 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Framlög og styrkir | | 368.763.406 | 336.004.423 |
| Rekstur orlofshúsa | | 27.751.918 | 33.620.381 |
| Laun og launatengd gjöld á skrifstofu FÍH | 3 | 118.358.645 | 123.747.133 |
| Önnur laun og launatengd gjöld | 3 | 18.362.973 | 20.796.034 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 4 | 36.669.731 | 32.493.406 |
| Útgáfa blaðs og fréttabréfs | 5 | 6.361.722 | 3.735.292 |
| Ráðstefnur, fundir og námskeiðahald | 6,7 | 7.533.061 | 7.926.635 |
| Árgjöld til félagasambanda og önnur framlög | 8 | 6.949.698 | 8.222.512 |
| Ímyndarvinna | | 1.099.171 | 0 |
| Annar rekstrarkostnaður | 9 | 70.280.032 | 40.991.409 |
| Afskriftir | 10,16 | 1.570.140 | 2.273.753 |
| | | 663.700.497 | 609.810.978 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 66.082.109 | 44.212.825 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Fjármunatekjur | | 7.005.172 | 10.284.964 |
| Gengisbreyting verðbréfa | | 21.878.212 | 12.606.053 |
| Fjármagnsgjöld | | (1.291.798) | (964.226) |
| | | 27.591.586 | 21.926.791 |
| **Hagnaður ársins** | | 93.673.695 | 66.139.616 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

| | Skýringar | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Suðurlandsbraut 22 | 10 | 67.750.000 | 61.450.000 |
| Orlofshús | 16 | 191.594.000 | 186.847.715 |
| Skrifstofuhúsgögn og áhöld | 10 | 69.074 | 447.214 |
| | | 259.413.074 | 248.744.929 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Málverk | | 2.450.000 | 2.450.000 |
| Verðbréf | 11 | 527.588.897 | 495.182.031 |
| | | 530.038.897 | 497.632.031 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 789.451.971 | 746.376.960 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Skammtímakröfur | | 62.770.712 | 52.901.976 |
| Handbært fé | | 279.809.197 | 190.188.969 |
| | | 342.579.909 | 243.090.945 |
| **Eignir samtals** | | 1.132.031.880 | 989.467.905 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 17 | | |
| Eigið fé | | 667.976.400 | 574.302.705 |
| Endurmatsreikningur fasteigna | | 97.475.304 | 85.237.019 |
| | | 765.451.704 | 659.539.724 |
| **Skuldir** | | | |
| Langtímaskuldir: | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 13 | 72.188.300 | 73.811.885 |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Skuldbinding vegna sérsjóða og sérverkefna | 14 | 55.117.367 | 35.353.614 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | | 30.085.408 | 28.939.249 |
| A hluta styrkir Vísindasjóðs | | 209.189.101 | 191.823.433 |
| | | 294.391.876 | 256.116.296 |
| **Skuldir samtals** | | 366.580.176 | 329.928.181 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 1.132.031.880 | 989.467.905 |
| **Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar** | 18 | | |
| **Skuldbindingar utan efnahags** | 19 | | |

# Sjóðstreymi ársins 2017

| | Skýringar | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri | | | |
| Hagnaður ársins | | 93.673.695 | 66.139.616 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 10,16 | 1.570.140 | 2.273.753 |
| Gengisbreyting verðbréfa | | (21.877.712) | (12.606.053) |
| Lífeyrisskuldbinding | 13 | 5.039.221 | 5.295.535 |
| | | 78.405.344 | 61.102.851 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | (9.868.736) | (3.894.219) |
| Hækkun rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 38.275.580 | (57.690.438) |
| | | 28.406.844 | (61.584.657) |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | | 106.812.188 | (481.806) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Söluverð verðbréfa | | 89.470.846 | 0 |
| Kaupverð verðbréfa | | (100.000.000) | (200.000.000) |
| | | (10.529.154) | (200.000.000) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborgun lífeyrisskuldbindingar | 13 | (6.662.806) | (9.021.889) |
| | | (6.662.806) | (9.021.889) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 89.620.228 | (209.503.695) |
| Handbært fé í byrjun árs | | 190.188.969 | 399.692.664 |
| **Handbært fé í lok árs** | | 279.809.197 | 190.188.969 |

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt góðri reikningsskilavenju þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo möt þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaðan samkvæmt matinu.

### 1.2 Breytt framsetning

Á árinu 2017 var breytt um reikningsskilaaðferð vegna fasteigna og lóða í eigu félagsins, en fasteignir og lóðir eru nú færðar á afskrifuðu kostnaðarverði eða fasteignamati í árslok, hvort sem hærra reynist. Breyting á fasteignamati færist á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár. Þar sem um er að ræða breytingu á reikningsskilaaðferð hefur samanburðartölum verið breytt til að gæta samræmis við framsetningu núverandi árs.

### 1.3 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum afskriftum, eða fasteignamati hvort sem hærra reynist. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru reiknaðar línulega fram til þess að afskrifað kostnaðarverð nemur fasteignamati eignanna. Breytingar á fasteignamati eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár.

Afskriftartími varanlegra rekstrarfjármuna er eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 50 ár |
| Endurbætur fasteigna | 5 ár |
| Orlofshús | 25 ár |
| Skrifstofuhúsgögn og áhöld | 5 - 10 ár |

## 2. Aðrar tekjur

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| **Félagssjóður:** | | |
| Tímarit | 1.796.000 | 841.013 |
| Dagbók | 1.066.000 | 967.500 |
| Vefsíða | 179.600 | 196.100 |
| Aðrar tekjur | 254.376 | 3.969.053 |
| | 3.295.976 | 5.973.666 |

## 3. Laun og launatengd gjöld

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| **Félagssjóður:** | | |
| Laun á skrifstofu FÍH | 91.667.242 | 90.808.645 |
| Bifreiðastyrkir | 1.895.784 | 1.926.738 |
| Lífeyrissjóðsframlag | 14.234.925 | 11.606.687 |
| Tryggingagjald | 7.318.538 | 7.382.043 |
| Áunnið orlof | 1.000.419 | 9.677.657 |
| Sjóðagjöld | 2.241.737 | 2.345.363 |
| | 118.358.645 | 123.747.133 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 5.039.221 | 5.295.535 |
| Nefndarlaun | 1.350.833 | 2.480.466 |
| Stjórnarlaun | 3.241.910 | 2.953.665 |
| Bifreiðastyrkir | 438.000 | 696.000 |
| Lífeyrissjóðsframlag og sjóðagjöld | 403.011 | 438.699 |
| Tryggingagjald | 371.915 | 462.745 |
| Starfsmannakostnaður | 734.106 | 731.953 |
| | 11.578.996 | 13.059.063 |

## 3. Laun og launatengd gjöld (framhald)

Skipting launa og launatengdra gjalda niður á sjóði er eftirfarandi:

| | Félags-sjóður | Orlofs-sjóður | Starfsm.-sjóður | Vísinda-sjóður | Vinnud.-sjóður | Styrktar-sjóður | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Laun ................................ | 91.667.242 | 4.160.932 | 0 | 0 | 0 | 0 | 95.828.174 |
| Breyt. á lífeyrisskuldb. ..... | 5.039.221 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5.039.221 |
| Stjórnarlaun .................... | 3.241.910 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3.241.910 |
| Nefndarlaun ................... | 1.350.833 | 474.617 | 142.717 | 381.685 | 0 | 225.692 | 2.575.544 |
| Bifreiðastyrkir ................. | 2.333.784 | 206.000 | 33.372 | 22.000 | 0 | 60.000 | 2.655.156 |
| Lífeyrissjóðsframlag ......... | 14.637.936 | 507.768 | 23.007 | 30.535 | 0 | 20.179 | 15.219.425 |
| Tryggingagjald ................ | 7.690.453 | 366.430 | 13.637 | 29.745 | 0 | 20.951 | 8.121.216 |
| Sjóðagjöld ....................... | 2.241.737 | 62.975 | 1.125 | 382 | 0 | 228 | 2.306.447 |
| Áunnið orlof ................... | 1.000.419 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.000.419 |
| Starfsm.kostnaður ........... | 734.106 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 734.106 |
| | 129.937.641 | 5.778.722 | 213.858 | 464.347 | 0 | 327.050 | 136.721.618 |

## 4. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Pappír, prentun og ritföng........ | 286.731 | 596.082 |
| Sími, símakerfi og burðargjöld........ | 1.820.709 | 1.755.896 |
| Dagbók/handbók FÍH........ | 2.151.899 | 2.066.366 |
| Bækur, blöð og tímarit........ | 251.288 | 395.410 |
| Akstur........ | 68.270 | 45.420 |
| Rekstur og kaup tölvu- og hugbúnaðar........ | 4.987.493 | 5.841.925 |
| Rekstur, viðhald og kaup áhalda........ | 557.608 | 995.908 |
| Rekstur ljósritunarvélar........ | 11.331 | 85.016 |
| Endurskoðun, gerð ársreiknings og bókhaldsþjónusta........ | 2.916.052 | 2.882.454 |
| Lögfræðikostnaður........ | 203.360 | 9.295 |
| Lögfræðikostnaður vegna kjaramála........ | 6.714.359 | 7.818.680 |
| Auglýsingar........ | 276.322 | 237.062 |
| Orka og rekstur sameignar........ | 1.870.126 | 955.419 |
| Fasteignagjöld........ | 1.345.175 | 1.171.238 |
| Ræsting og hreinlætisvörur........ | 1.672.793 | 1.463.379 |
| Vátryggingar........ | 407.206 | 353.308 |
| Húsaleiga........ | 99.200 | 148.800 |
| Viðhald húsnæðis........ | 1.040.816 | 539.455 |
| Rekstrarkostnaður vefsíðu........ | 627.856 | 877.955 |
| Uppsetning á mínum síðum........ | 5.341.294 | 2.878.413 |
| Kaffistofa og risna........ | 588.799 | 534.761 |
| Kveðjur, blóm, gjafir og heiðranir........ | 108.083 | 114.700 |
| Þýðingar........ | 10.270 | 120.500 |
| Öryggisgæsla........ | 356.483 | 350.866 |
| Gjaldfærð vörukaup........ | 55.947 | 0 |
| Aðkeypt þjónusta........ | 2.900.261 | 244.964 |
| Annar kostnaður........ | 0 | 10.134 |
| | 36.669.731 | 32.493.406 |

## 5. Útgáfa blaðs og fréttabréfs

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Prentun, pappír og ritföng | 3.637.395 | 38.513 |
| Rafræn útgáfa | 254.455 | 2.734.597 |
| Burðargjöld, umslög og pökkun | 1.347.340 | 51.468 |
| Gjaldfærð áhöld | 15.149 | 17.273 |
| Kostnaður vegna ritstjórnar | 110.872 | 109.894 |
| Ferðakostnaður og akstur | 390.888 | 325.547 |
| Prófarkalestur, umfjöllun, greinar o.fl | 605.623 | 458.000 |
| | 6.361.722 | 3.735.292 |

## 6. Ráðstefnur, fundir og námskeið innanlands

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfundur | 899.234 | 583.332 |
| Hjúkrunarþing/ráðstefna | 72.240 | 934.048 |
| Námskeið trúnaðarmanna | 0 | 181.883 |
| Kostnaður vegna kjaramála | 326.541 | 709.233 |
| Aðrir fundir og ráðstefnur | 336.549 | 373.299 |
| Kynningarefni og móttökur fyrir nema | 1.437.174 | 540.215 |
| Nefndarstörf | 254.880 | 130.566 |
| Kostnaður vegna fagdeilda | 400.740 | 363.356 |
| Alþjóðadagur hjúkrunarfræðinga | 342.845 | 373.825 |
| Stjórnarfundir | 782.473 | 1.117.221 |
| Námskeið fyrir hjúkrunarfræðinga | 461.180 | 1.215.955 |
| | 5.313.856 | 6.522.933 |

## 7. Ráðstefnur, fundir og námskeið erlendis

| | | |
|---|---|---|
| Kostnaður vegna SSN | 1.101.343 | 374.335 |
| Kostnaður vegna ICN | 517.892 | 0 |
| Kostnaður vegna EFN | 449.973 | 450.387 |
| Aðrir fundir og ráðstefnur | 149.997 | 578.980 |
| | 2.219.205 | 1.403.702 |

## 8. Árgjöld til félagasambanda og önnur framlög

| | | |
|---|---|---|
| ICN | 830.478 | 961.945 |
| SSN | 286.036 | 325.322 |
| EFN | 253.448 | 290.104 |
| Öldrunarráð Íslands | 15.600 | 15.600 |
| Styrkir til hjúkrunarfræðinema | 0 | 76.643 |
| Framlag til fagdeilda og landsvæðadeilda | 5.006.993 | 6.013.337 |
| Aðrir styrkir og framlög | 557.143 | 539.561 |
| | 6.949.698 | 8.222.512 |

# Skýringar

## 9. Annar rekstrarkostnaður

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Hótelmiðar | 4.500.339 | 4.454.736 |
| Útilegu- og veiðikort og önnur gjafabréf | 2.036.099 | 1.530.099 |
| Golfkort | 90.000 | 108.000 |
| Flugmiðar | 56.489.000 | 28.687.500 |
| Miðar í Hvalfjarðargöng | 5.080.000 | 3.810.000 |
| Rekstur tölvukerfis | 896.206 | 927.817 |
| Prentun orlofsblaðs | 527.002 | 885.420 |
| Burðargjöld | 538.326 | 373.730 |
| Auglýsingar | 0 | 22.251 |
| Annað | 123.060 | 191.856 |
| | 70.280.032 | 40.991.409 |

## 10. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| **Félagssjóður:** | Fasteignir | Áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Hreyfingar árið 2016** | | | |
| Kostnaðarverð í upphafi árs | 71.525.837 | 2.581.405 | 74.107.242 |
| Uppsafnaðar afskriftir í upphafi árs | (39.565.350) | (1.756.051) | (41.321.401) |
| Bókfært verð í upphafi árs | 31.960.487 | 825.354 | 32.785.841 |
| Afskrifað á árinu 2016 | 0 | (378.140) | (378.140) |
| Endurmat á árinu 2016 | 29.489.513 | 0 | 29.489.513 |
| Staða í árslok 2016 | 61.450.000 | 447.214 | 61.897.214 |
| | | | |
| **Hreyfingar árið 2017** | | | |
| Kostnaðarverð í upphafi árs | 71.525.837 | 2.581.405 | 74.107.242 |
| Uppsafnaðar afskriftir í upphafi árs | (39.565.350) | (2.134.191) | (41.699.541) |
| Endurmat frá fyrri árum | 29.489.513 | 0 | 29.489.513 |
| Bókfært verð í upphafi árs | 61.450.000 | 447.214 | 61.897.214 |
| Afskrifað á árinu 2017 | 0 | (378.140) | (378.140) |
| Endurmat á árinu 2017 | 6.300.000 | 0 | 6.300.000 |
| Staða í árslok 2017 | 67.750.000 | 69.074 | 67.819.074 |
| | | | |
| Afskriftarhlutföll | 2-20% | 10-20% | |

Tryggingafjárhæð lausafjár að Suðurlandsbraut 22 er í árslok 2017 kr. 32.247.000 en var kr. 32.367.000 árið 2016.
Fasteignamat Suðurlandsbrautar 22 er í árslok 2017 kr. 67.750.000 og brunabótamat kr. 100.350.000.

## 11. Verðbréf

Verðbréfaeign í eignastýringu í árslok sundurliðast þannig:

| | Samtals |
|---|---|
| Félagssjóður | 100.298.300 |
| Orlofssjóður | 34.629.135 |
| Starfsmenntunarsjóður | 8.012.719 |
| Vísindasjóður | 169.906.003 |
| Vinnudeilusjóður | 129.348.135 |
| Styrktarsjóður | 85.394.605 |
| | 527.588.897 |

## 12. Skammtímakröfur

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| **Félagssjóður:** | | |
| Félagsgjöld | 6.317.355 | 5.030.777 |
| Orlofssjóður | 8.468.208 | 5.058.942 |
| Starfsmenntunarsjóður | 5.654.744 | 6.076.400 |
| Vísindasjóður | 4.368.940 | 4.214.388 |
| Rannsókna- og vísindasjóður | 501.923 | 1.923 |
| Styrktarsjóður | 4.797.759 | 1.326.875 |
| Aðrar skammtímakröfur | 327.143 | 1.169.699 |
| | 30.436.072 | 22.879.004 |

## 13. Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbinding félagsins hefur verið reiknuð miðað við tryggingafræðilegar forsendur, 2% reiknivexti og lífslíkur skv. reynslu áranna 2010-2014 og færð til skuldar í efnahagsreikningi. Reiknuð hækkun skuldbindingarinnar, að fjárhæð kr. 5.039.221 er færð til gjalda en greidd eftirlaun á árinu, að fjárhæð kr. 6.662.806, eru færð til lækkunar á skuldbindingunni.

## 14. Skuldbinding vegna sérsjóða og sérverkefna

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Fræðslusjóður | 55.117.367 | 35.353.614 |
| | 55.117.367 | 35.353.614 |

## 15. Ýmsar skammtímaskuldir

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| **Félagssjóður:** | | |
| Lánardrottnar | 1.949.755 | 2.414.176 |
| Ógreidd launatengd gjöld | 6.389.161 | 7.454.703 |
| Orlofsskuldbinding | 10.704.471 | 9.677.657 |
| Ógreidd endurgreiðsla v/hámarksiðgjalda | 6.899.644 | 4.466.700 |
| Vinnudeilusjóður | 0 | 16.036.633 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 2.064.780 | 867.014 |
| | 28.007.811 | 40.916.883 |

## 16. Orlofshús

**Orlofssjóður:**

| **Hreyfingar árið 2016** | Orlofshús |
|---|---|
| Kostnaðarverð í upphafi árs | 139.252.010 |
| Uppsafnaðar afskriftir í upphafi árs | (6.256.188) |
| Bókfært verð í upphafi árs | 132.995.822 |
| Afskrifað á árinu 2016 | (1.895.613) |
| Endurmat á árinu 2016 | 55.747.506 |
| Staða í árslok 2016 | 186.847.715 |

| **Hreyfingar árið 2017** | |
|---|---|
| Kostnaðarverð í upphafi árs | 139.252.010 |
| Uppsafnaðar afskriftir í upphafi árs | (8.151.801) |
| Endurmat frá fyrri árum | 55.747.506 |
| Bókfært verð í upphafi árs | 186.847.715 |
| Afskrifað á árinu 2017 | (1.192.000) |
| Endurmat á árinu 2017 | 5.938.285 |
| Staða í árslok 2017 | 191.594.000 |

### 16. Orlofshús frh.

| Orlofshús greinast þannig í árslok: | Fasteignamat | Brunabótamat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Bláskógar, orlofshús Úlfljótsvatn | 11.765.000 | 21.300.000 | 11.765.000 |
| Brekkuskógur 3, orlofshús | 24.050.000 | 27.550.000 | 24.050.000 |
| Furulundur 8d, Akureyri | 13.425.000 | 17.600.000 | 13.425.000 |
| Lokastígur 1, sumarhús Grímsnes | 23.660.000 | 40.080.000 | 23.660.000 |
| Lokastígur 3, sumarhús Grímsnes | 27.960.000 | 42.690.000 | 27.960.000 |
| Lokastígur 4, sumarhús Grímsnes | 24.920.000 | 34.950.000 | 26.224.000 |
| Sóltún 9, íbúð Reykjavík | 35.720.000 | 28.200.000 | 35.720.000 |
| Klapparstígur 1, íbúð Reykjavík | 28.790.000 | 25.560.000 | 28.790.000 |
| | 190.290.000 | 237.930.000 | 191.594.000 |

### 17. Yfirlit um eigið fé

| | Endurmat fasteigna | Annað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé í árslok 2016 | 0 | 571.548.023 | 571.548.023 |
| Leiðrétt vegna breyttrar reikningsskilaaðferðar | 0 | 2.754.682 | 2.754.682 |
| Endurmat fasteigna 2016 | 85.237.019 | 0 | 85.237.019 |
| Leiðrétt eigið fé í árslok 2016 | 85.237.019 | 574.302.705 | 659.539.724 |
| Hagnaður ársins 2017 | 0 | 93.673.695 | 93.673.695 |
| Endurmat fasteigna 2017 | 12.238.285 | 0 | 12.238.285 |
| Eigið fé í árslok 2017 | 97.475.304 | 667.976.400 | 765.451.704 |

Samantekið yfirlit yfir annað eigið fé félagsins:

| | Staða í ársbyrjun | Hagnaður (tap) ársins | Staða í árslok |
|---|---|---|---|
| Félagssjóður | 59.557.660 | 22.909.818 | 82.467.478 |
| Orlofssjóður | 184.470.924 | 11.448.862 | 195.919.786 |
| Starfsmenntunarsjóður | 6.517.103 | 4.568.680 | 11.085.783 |
| Vísindasjóður | 39.569.903 | 6.012.299 | 45.582.202 |
| Vinnudeilusjóður | 140.968.934 | 33.350.849 | 174.319.783 |
| Styrktarsjóður | 143.218.181 | 15.383.187 | 158.601.368 |
| | 574.302.705 | 93.673.695 | 667.976.400 |

### 18. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

Á Suðurlandsbraut 22 hvíla engin veðbönd.

### 19. Skuldbindingar utan efnahags

Á Styrktarsjóði hvílir skuldbinding utan efnahags að upphæð 6,2 milljónir króna vegna samþykktra sjúkradagpeninga sem gætu komið til greiðslu síðar.

Á Vísindasjóði hvílir skuldbinding utan efnahags vegna B-hluta styrkja að fjárhæð 8 milljónir króna sem gætu komið til greiðslu síðar, eftir framvindu styrktra verkefna.

## Ársreikningur 2017:
## FÉLAGSSJÓÐUR - SKÝRINGAR

**1. IÐGJÖLD:**
Iðgjöld félagssjóðs hækkuðu um 7% á milli ára og námu kr. 177.896.370 árið 2017. Endurgreiddar voru um 6,9 milljónir króna til 400 félagsmanna sem greitt höfðu meira en 90 þúsund krónur í félagsgjöld á árinu 2017 og lækkuðu iðgjöld félagssjóðs sem því nemur.

**2. AÐRAR TEKJUR:**
Aðrar tekjur lækkuðu um 45% á milli ára, en árið áður voru felldar niður eldri skuldbindingar félagssjóðs vegna sérverkefna, þ.e. hjúkrunarfræðingatals, endurmenntunar, minjanefndar og lýðveldissjóðs, en heildarfjárhæð niðurfellingarinnar nam 3,7 milljónum króna.  Auknar tekjur voru þó af auglýsingasölu í Tímarit hjúkrunarfræðinga, þar sem tímaritið var gefið út á pappír.

**3. LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD:**
Laun og launatengd gjöld á skrifstofu lækkuðu um 4% á milli ára.  Helsta breytingin á milli ára var sú að orlofsskuldbindingin var færð inn bækur félagsins í fyrsta sinn árið 2016, og kom því að fullu til gjalda það ár, en um er að ræða skuldbindingu vegna áunnins ótekins orlofs starfsmanna um áramót. Að þessu sinni er einungis verið að gjaldfæra breytingar á skuldbindingunni.
Þá hækkar framlag í lífeyrissjóð um 23% á milli ára í kjölfar hækkunar á mótframlagi launagreiðenda í LSR um mitt ár 2017.
Nefndarlaun lækka um 46% á milli ára en stjórnarlaun hækka um 10%. Bifreiðarstyrkir, lífeyrissjóðsframlag, tryggingargjald og sjóðagjöld eru afleiddar stærðir af launakostnaði og hækka í takt við hækkun á honum.
Á milli áranna 2016 og 2017 varð lækkun á framreiknaðri lífeyrisskuldbindingu Fíh, þar sem einn aðili sem skuldbindingin náði til féll frá á árinu. Um er að ræða skuldbindingu vegna starfsmanna félagsins fram til ársins 1997, sem greiddu annars vegar í B-deild LSR og hins vegar í LH. Skv. lögum um LSR og LH þá eiga launagreiðendur að greiða allar hækkanir sem verða á lífeyri starfsmanna þeirra frá því að þeir hófu töku lífeyris. Lækkun á þessari skuldbindingu getur komið til vegna andláts fyrrverandi starfsmanns eða vegna breytinga á forsendum við útreikninga.

**4. SKRIFSTOFU- OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR:**
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður jókst um 13% á milli ára. Sá liður sem skýrir helst þessa hækkun er kostnaður vegna nýs vefs félagsins, sem nam 5,3 milljónum króna árið 2017. Þá hækkaði kostnaður vegna rekstur sameignar, vegna málningarvinnu utanhúss á eign félagsins að Suðurlandsbraut 22. Kostnaður vegna viðhalds húsnæðis hækkaði einnig á milli ára þar sem endurnýjuð var innrétting á baðherbergi á Suðurlandsbraut, auk þess sem salurinn var málaður.
Aðkeypt þjónusta hækkaði verulega á milli ára, en þar féll til kostnaður vegna vinnu og úrvinnslu könnunar á meðal félagsmanna um líðan og aðbúnað í starfi.

**5. ÚTGÁFA BLAÐS OG FRÉTTABRÉFS:**

Kostnaður vegna Tímarits hjúkrunarfræðinga hækkaði um 70% á milli ára, sem skýrist af því að gefin voru út tvö tölublöð á pappírsformi, í stað þess að þau voru gefin út á rafrænu formi árið áður.

**6. RÁÐSTEFNUR, FUNDIR OG NÁMSKEIÐ INNANLANDS:**

Kostnaður vegna ráðstefna, funda og námskeiða innanlands dregst saman um 19% á milli ára. Kostnaður jókst á milli ára vegna kynningarefnis og móttaka fyrir nema, en á liðnu ári voru í fyrsta sinn haldnir kynningarfundir fyrir 2. og 3. árs nema bæði við HÍ og HA, auk funda með 4. árs nemum og móttöku fyrir nýbrautskráða hjúkrunarfræðinga. Þá hækkaði kostnaður vegna aðalfundar einnig á milli ára, vegna breytts fundartíma og betri þátttöku félagsmanna. Kostnaður vegna stjórnarfunda dróst saman, með minnkandi ferðakostnaði vegna smærri stjórnar, auk þess sem kostnaður vegna námskeiðahalds lækkaði einnig.

**7. RÁÐSTEFNUR, FUNDIR OG NÁMSKEIÐ ERLENDIS:**

Kostnaður vegna erlends samstarfs hækkaði um 58% á milli ára og var um 2,2 milljónir árið 2017. Aukinn kostnaður féll til vegna ráðstefnu SSN í Færeyjum haustið 2017, en Fíh kostaði þátttöku átta hjúkrunarfræðinga auk tveggja nema á ráðstefnuna. Þá féll til kostnaður vegna ICN fundar í Barcelona, EFN funda í Brussel auk annarra ferða formanns og nema.

**8. ÁRGJÖLD, FRAMLÖG OG STYRKIR:**

Þessi liður lækkaði um 15% á milli ára, sem kemur einkum til vegna þess að styrkir fagdeilda og landsvæðadeilda voru ekki eins vel sóttir og árið áður.

**9. AFSKRIFTIR:**

Afskriftir lækka verulega á milli ára vegna breytinga á afskriftafyrirkomulagi félagsins, en sú breyting er gerð að varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir af kostnaðarverði, fram til þess að bókfært verð þeirra nemur fasteignamati, en þegar því er náð eru fasteignir tilgreindar á fasteignamati og breytingar á fasteignamati færðar í gegnum sérstakan reikning á meðal eigin fé. Þar sem eign félagsins á Suðurlandsbraut 22 hafði verið afskrifuð til lengri tíma og afskrifað virði hennar orðið langt undir fasteignamati, fellur ekki til frekari afskrift á þeirri eign sem lækkar til muna heildarafskriftir félagssjóðs. Breyting þessi hefur einnig för með sér hækkun á fastafjármunum félagsins, þar sem með þessari aðferð eykst verðmæti Suðurlandsbrautar í efnahagsreikningi. Þá hefur þessi breyting einnig áhrif á eignir og afskriftir orlofssjóðs.

**10. FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:**

Fjármagnstekjur hækka um 6% á milli ára og eru á heildina litið 5 milljónir króna árið 2017.

**NIÐURSTAÐA ÁRSINS:**

Niðurstaða ársuppgjörs félagssjóðs árið 2017 er því hagnaður upp á kr. 22.909.818. Áætlanir höfðu gert ráð fyrir tapi upp á 7 milljónir, þannig að niðurstaðan var umtalsvert betri en áætlað var. Tekjur hækkuðu um 7% frá fyrra ári, á sama tíma og kostnaður helst nokkuð svipaður á milli ára.

# Ársreikningur 2017:
## ORLOFSSJÓÐUR - SKÝRINGAR

**1. IÐGJÖLD:**
Iðgjöld orlofssjóðs námu 56,4 milljónum króna árið 2017, og jukust um 11% á milli ára.

**2. AÐRAR TEKJUR:**
Aðrar tekjur jukust um 47% á milli ára, að stærstum hluta vegna aukinnar eftirspurnar eftir gjafabréfum í flug. Góð nýting var á húsum félagsins sem og leigubústöðum.

**3. REKSTUR ORLOFSHÚSA OG LEIGUGJÖLD:**
Rekstrarkostnaður orlofshúsa og íbúða dróst saman á milli ára, að stærstum hluta vegna innbús í nýtt hús félagsins að Lokastíg 4 í Grímsnesi sem kom til gjalda árið áður.
Þá jókst kostnaður við innkaup á gjafabréfum í flug umtalsvert, eða um 89%, í samræmi við aukna eftirspurn.

**4. FRAMLAG TIL FÉLAGSSJÓÐS:**
Framlag af iðgjöldum er 11%, auk framlags af öðrum tekjum, sem er 2,5% af þeim grunni. Framlag þetta er ætlað að mæta rekstrarkostnaði á skrifstofu Fíh, síma- og tölvukerfi auk annarra sameiginlegra verkefna.

**5. LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD:**
Umsjónarmaður eigna orlofssjóðs var í 30% starfshlutfalli allt árið, auk bakvaktarálags. Þá voru einnig greidd laun til orlofsnefndar vegna fundahalda líkt og fyrri ár.

**6. FJÁRMUNATEKJUR:**
Fjármunatekjur hækkuðu aðeins á milli ára og námu 1,4 milljónum króna árið 2017.

**7. ANNAÐ:**
Fastafjármunir orlofssjóðs eru nú meðhöndlaðir á sama hátt og fastafjármunir félagssjóðs og verður því þó nokkur hækkun á fasteignum sjóðsins þegar þær eru færðar á afskrifað kaupvirði eða á fasteignamat ef því hefur verið náð. Fasteignir hækka því úr 130,5 milljón króna í 191,5 milljónir.

# Ársreikningur 2017:
## STARFSMENNTUNARSJÓÐUR - SKÝRINGAR

**1. IÐGJÖLD:**
Iðgjöld starfsmenntunarsjóðs námu 49,5 milljónum króna árið 2017.

**2. ÚTHLUTANIR:**
Úthlutanir starfsmenntunarsjóðs drógust saman um 12% á milli ára, og voru því 39,7 milljónir króna.

**3. FRAMLAG TIL FÉLAGSSJÓÐS:**
Framlag af iðgjöldum til félagssjóðs er 10,5%. Framlag þetta er ætlað að mæta rekstrarkostnaði á skrifstofu Fíh, síma- og tölvukerfi auk annarra sameiginlegra verkefna.

**4. FJÁRMUNATEKJUR:**
Fjármunatekjur voru 642 þúsund krónur fyrir árið 2017.

## Ársreikningur 2017:
## VÍSINDASJÓÐUR - SKÝRINGAR

**1. IÐGJÖLD:**
Iðgjöld vísindasjóðs voru ríflega 222,6 milljónir króna á árinu 2017 og jukust því um 10% frá árinu áður.

**2. ÚTHLUTANIR:**
Úthlutað var tæplega 209 milljónum króna úr A-hluta vísindasjóðs árið 2017, sem komu til greiðslu nú í febrúar 2018. Úthlutað var 95% af innborgun á kennitölu hvers félagsmanns, líkt og áður.

Úthlutað var úr B-hluta vísindasjóðs 7,8 milljónum króna, en til úthlutunar úr B-hluta eiga að nýtast 3% af iðgjöldum sjóðsins auk vaxtatekna.

**3. LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD:**
Laun vísindasjóðs eru greiðslur til stjórnar vísindasjóðs vegna vinnu við yfirlestur umsókna í B-hluta vísindasjóðs, auk fundahalda stjórnarinnar.

**4. ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR:**
Vísindasjóður greiðir 2% framlag af iðgjöldum til félagssjóðs. Annar rekstrarkostnaður sjóðsins samanstendur af burðargjöldum og kostnaði við afhendingu styrkja.

**5. FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:**
Fjármunatekjur hækkuðu nokkuð á milli ára, fóru úr 5,4 milljónum króna í 6,2 milljónir.

## Ársreikningur 2017:
## VINNUDEILUSJÓÐUR - SKÝRINGAR

**1. IÐGJÖLD:**
Iðgjöld vinnudeilusjóðs hækkuðu um 22% á milli ára, en sjóðurinn þiggur framlög frá öllum félagsmönnum nú, í stað einungis frá þeim hjúkrunarfræðingum sem starfa á opinberum markaði áður.

**2. FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:**
Fjármunatekjur hækka um 81% á milli ára og voru 9,1 milljón króna árið 2017.

Ársreikningur 2017:

## STYRKTARSJÓÐUR - SKÝRINGAR

**1. IÐGJÖLD:**

Iðgjöld styrktarsjóðs námu 129,4 milljónum árið 2017 og hækkuðu um 13% á milli ára.

**2. REKSTRARGJÖLD:**

Úthlutanir námu 112,3 milljónum króna og jukust um 31% á milli ára, en heilsuræktarstyrkur sjóðsins var hækkaður um tíu þúsund krónur í 35 þúsund og var umtalsvert betur sóttur af sjóðfélögum en árið áður. Nú hefur þessi styrkur verið hækkaður í 45 þúsund krónur. Framlag til félagssjóðs nam 5% af iðgjöldum sjóðsins.

**3. FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:**

Fjármunatekjur sjóðsins eru 5,1 milljónir króna, lítillega hærri en fyrir ári síðan.